

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingimagn Eiríksson, greiði krónur 4.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði sæti upptöku á einni flösku af brennivíni til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, krónur 7.000, til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 12. mars 1985.

Nr. 241/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Benediktssyni

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 20. september 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Refsing ákærða, sem er, eins og í héraðsdómi greinir, hegningarauki við dóm sakadóms Suður-Múlasýslu 9. júní 1983, þykir hæfilega ákveðin 6.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir ástæða til að ákveða, að ákærði sæti frekari ökuleyfisviptingu með þessum dómi en gert var með dóminum 9. júní 1983.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði 6.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Nielssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 14. ágúst 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október 1983, er höfðað af ríkis-saksóknara með ákæruskjali, útgefnu 3. október 1983, á hendur Sigurði Benediktssyni sjómanni, áður til heimilis að Áreyjum, Reyðarfirði, en nú búsettum að Vallargötu 30, Keflavík, fæddum 21. ágúst 1940 í Drangsnesi, Strandasýslu, „fyrir að aka, laugardaginn 28. maí 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni X-5891 frá heimili sínu að hesthúsum skammt vestan við Reyðarfjarðarbæ.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis-sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Laugardagskvöldið 28. maí 1983, kl. 22:00, var tilkynnt til lögregluunnar á Reyðarfirði, að ákærði væri að aka bifreiðinni X-5891 innan við Búðareyri í Reyðarfirði undir áhrifum áfengis. Brást lögreglan skjótt við og hóf leit að ákærða og mætti honum fótgangandi skammt vestan við bæinn. Ákærði neitaði í fyrstu að hafa ekið bifreið, en þegar lögreglan fann bifreiðina X-5891 skömmu seinna á bak við hesthús þar nokkru vestar, þá viðurkenndi ákærði, að hafa ekið henni frá bænum Áreyjum, sem liggur um 12 kílómetrum innar í Reyðarfirði.

Tekin var varðstjóraskýrsla af ákærða, og að henni lokinni, kl. 23:05, var tekið úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar af Hlyni Þorsteinssyni, lækni á Eskifirði, en samkvæmt vottorði Rannsóknar-

stofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 06.06.83 mældust 0,80‰ alkóhóls í blóði ákærða.

III.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu, viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni X-5891 sviptur ökuréttindum og fundið til litillegra áfengisáhrifa við aksturinn frá Áreyjum, en þar kvaðst hann hafa drukkið fullt glas af léttu víni.

Ástæðuna fyrir akstrinum kvað ákærði hafa verið tóbaksleysi, og því afréð hann að halda út á Búðareyri til kaupa á tóbaki.

Ákærði ók bifreiðinni X-5891 að hesthúsum skammt fyrir innan Búðareyri og hélt þaðan fótgangandi áleiðis í kaupúnið til þess að ekki sæist til hans á bifreiðinni, en var þá handtekinn af lögreglunni. Hugðist ákærði fara sömu leið til baka að loknum viðskiptum sínum á Búðareyri.

IV.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem hvort tveggja er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali.

V.

Á árunum 1960 til 1981 hefur ákærði fjórtán sinnum gengist undir greiðslu sektar fyrir brot á áfengislögum og þrisvar sinnum fyrir brot á umferðarlögum og almennum hegningarlögum. Á sama tímabili hafa verið kveðnir upp sjö refsíðómar yfir ákærða fyrir brot á almennum hegningarlögum, einkum 244. gr.. Hinn 9. desember 1977 gekkst ákærði fyrir sakadómi Keflavíkur undir greiðslu 30.000 kr. sektar fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá sama degi að telja.

Hinn 9. júní 1983 gekkst ákærði með dómi fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu undir greiðslu 12.000 kr. sektar fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 41. gr. og 50. gr. umferðarlaga og var sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 19. apríl s.á..

VI.

Brot það, sem hér um ræðir, var fullframið fyrir uppkvaðningu dómsins frá 9. júní 1983, og verður ákærða því dæmdur hegningarauki með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsiauki hans hæfilega ákveðinn 9.600 króna sekt til ríkis-sjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminn kvað upp Bjarni Stefánsson fulltrúi, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði 9.600 króna sekt til ríkis-sjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. mars 1985.

Nr. 128/1983. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Póst- og símamálastofnuninni

(Guðmundur Markússon hrl.)

Alþýðubankanum h/f

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Rafmagnsveitum ríkisins og

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

Nauðungaruppboð. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thorodd-sen og Sigurgeir Jónsson.